

Skólaráðsfundur 18. nóv. 2014

Fundur settur kl. 15:30

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri

Fundarritari: Freyja Ólafsdóttir, kennari

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Sólveig Jensdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir fulltrúi kennara og Freyja Ólafsdóttir fulltrúi kennara, Þórhallur Ingi Jóhannsson fulltrúi foreldra, Ólöf Kristín Sívertsen fulltrúi foreldra, Katla Sif Friðriksdóttir fulltrúi nemanda og Ísak Ólason fulltrúi nemanda.

Forföll boðuðu:

Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins

Dagskrá fundarins:

1. Kynning skólaráðsfulltrúa og kosning ritara

Fyrst kynntu sig allir og fyrir hvern þau eru í skólaráðinu. Jóhanna skólastjóri fór yfir reglugerðina og að það þyrfti að hafa fundaritara. Samþykkt var að falast eftir því að Ásta Steina yrði okkar fundarritari í vetur en Freyja ritaði þennan fund.

2. Starfsáætlun og reglugerð um skólaráð

Farið var yfir hverja skyldur okkar væru samkvæmt reglugerðum. Töluðum um þátttöku almenna nemenda í skólaráðinu. Það var helst að þau vilji sleppa við að sitja yfir því þegar farið er yfir fjárhagsáætlanir.

Í starfsáætlun þarf að setja efni fundar inn með viku fyrirvara og boða fund. Fundir verða haldnir á þriðjudögum og næsti fundur verður þriðjudaginn 16. desember.

3. Skólabyrjun – Lágafellsskóli og Höfðaberg

Rætt um byrjun skólaársins. Jóhanna ræddi að það væru tvær lausar kennarastöður en núna að þessu sinni eru þó réttindakennarar að sækja um. Það er ástæða til að vera bjartsýnni með að fá kennara í þessar stöður. Eftir foreldrafundina var almenn ánægja. Fjárhagsáætlanir eru í vinnslu og verða kynntar á næsta fundi. En það er verið að reyna að fá meira fjármagn í skólann.

Í Höfðabergi er margt gott að gerast. Helstu áhyggjuefnið var gönguleiðin í skólann sem búið er að laga. Búið er að laga til og vinnuvélar farnar af svæðinu. Skólabyggingin þykir fín og starfsfólk til fyrirmyndar. Nokkrir byrjunarerfiðleikar en allt að lagast. Þarf að athuga Frístundarrútuna og tímana. Tengibygging í Höfðabergi og sérkennslurými er áætlað að komi eftir áramót. Nemendur í Höfðabergi eru 124 börn. Lóðin er tilbúin svo hávaði af völdum vinnuvéla er búinn.

Rætt var um vinaliðaverkefnið og sögðu Guðrún og Freyja frá verkefninu og Guðrún útskýrði hvernig verkefnið væri.

Þórhallur spurði hvort tengslakannanir væru framkvæmdar hér í Lágafellsskóla. Þær eru gerðar hér eftir þörfum og í 5. bekk. Námsráðgjafar sjá um framkvæmdina.

Í næstu viku er allsherjar skreytingardagur og það aðeins rætt. Þórhallur spurði um þrengsli í matsal en aðeins 2. bekkur borðar í sínum heimastofum og fer ekki í stóra matsalinn. Það er oft hávaði enda margir í einu í matsal. En það mun létta enn meira á mötuneyti og sérgreinastofum strax á næsta ári þar sem fleiri nemendur verða í Höfðabergi og færri hér.

Þórhallur spyr hvernig kennurum lítist á þarna úti á Höfðabergi og Jóhanna svarar að starfsfólk beri sig vel í nýju vinnuumhverfi. Fleira á eftir að koma þarna eins og 4 nýjar stofur og seinna verður skólalóðin stækkuð þegar seinni áfangi kemur. Verður rætt að næsta fundi.

4. Skólalóð Lágafellsskóla

Framkvæmdum á skólalóðinni hér við Lækjarhlíð er lokið þeim sem á að vera lokið. Helmingur af tækjum fyrir skólahreystibrautina kemur næsta sumar og hinn helmingurinn þar næsta sumar. Snúningstækið hefur verið tekið niður en 3 ný tæki eru á bretta svæðinu. Þegar næstu 4 skólastofurnar fara þarf að skoða hvað kemur þar í staðinn. T.d. er möguleiki að færa „skate-parkið“ þangað m.a. vegna hávaða.

5. Niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk haustið 2014

Niðurstaða samræmdra prófa úr 10. bekk í Lágafellsskóla kemur afar vel út í íslensku og ensku en færri með A í stærðfræðinni en í hinum fögunum tveim. Lágafellsskóli er vel yfir meðaltalið á svæðinu og er það vel. En 10. bekkur hefur verið að koma betur út en 4. og 7. bekkur undanfarin ár.

6. Hveradalasáttmáli

Jóhanna kynnir verkefnið „Læsi í Mosfellsbæ“ en Mosfellsbær fékk kynningu í júní frá Reykjanesbæ. Mikill áhugi er á að taka upp árangursríkar aðferðir eins og er í Reykjanesbæ til að ná t.d. fyrr áragri eins og er í 10. bekk í samræmdu prófum. Læsisstýrihópur sem setur okkur lestrarstefnu og ákveðjur mælitæki og samræmir þau milli allra skólanna í Mosfellsbæ. Eitt af verkefnum er í skólahorninu í Mosfellingi núna.

Spurt út í hvort eigi að flétta hreyfingu á einhvern hátt saman við læsisstefnuna og líta þá m.a. til hugmynda Dr. Hermundar Sigmundssonar um samspil og jákvæð áhrif hreyfingar á læsi og stærðfræði. Verið sé m.a. að keyra slíkt verkefni í 1. og 2. bekk í Flataskóla í Garðabæ.

<http://www.visir.is/hreyfing-i-upphafi-skoladags-eykur-einbeitingu/article/2014710309997>

7. Önnur mál

Þá taka nemendur til máls og segja frá starfi nemenda sem eru að skipuleggja vetrarstarfið og eru 6. og 7. bekkur líka með. Við eigum von á dönskum nemendum í skólann sem koma og gista hér í bæ. Segja frá tilhögun jólaballs og þema eins og að vera með hatta eða gleraugu t.d. Jólabingó verður haldið næsta sunnudag á vegum foreldrafélagsins. Spurning hvort þurfi betri boðleið til starfsmanna og auglýsa betur viðburði eins og jólabingóið. Ákveðið að senda pósti til ritara sem sjá um að senda á starfsmenn.

Næsti fundur er 16. desember kl. 15:30 í rauða fundarherberginu.

Fundi slitið kl. 17. Freyja Ólafsdóttir